



Mikil áhrif ferðapjónustu á hagvöxt

Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að áhrif áframhaldandi vaxtar í ferðapjónustu á hagvaxtarþróun hér á landi verði mikil á þessu ári og næstu árum. Í nýútgefnu ársriti Hagfræðideildarinnar, Þjóðhag, spáir deildin 6,1% hagvexti á þessu ári sem verði einkum knúinn áfram af vexti einkaneyslu, fjármunamyndunar og útflutningi. Ef ekki kæmi til neinn vöxtur í ferðapjónustu á þessu ári hefði spáin hljóðað upp á 1,2% hagvöxt eða 4,9 prósentu lægri hagvöxt að öðru óbreyttu. Á tímabilinu 2017-2019 gerum við ráð fyrir 4,2% hagvexti að meðaltali. Ef ekki væri gert ráð fyrir neinum vexti í ferðapjónustu á því tímabili færi hagvaxtarspáin niður í 1,9% að meðaltali, að öðru óbreyttu.

Fjöldi erlendra ferðamanna 2,5 milljónir 2019


Í spá Hagfræðideildar bankans er gert ráð fyrir að erlendum ferðamönnum fjölgi um 35% á þessu ári en að á næstu árum dragi úr vextinum vegna áhrifa af sterkara gengi krónunnar og aukinna takmarkana vegna gistirýmis. Aukning gistirýmis hefur ekki haldist í hendur við fjölgun ferðamanna á síðustu árum og því er orðið þrengra um gistingu, sérstaklega hótulgistingu, en verið hefur.

Á næsta ári reiknum við með 25% fjölgun ferðamanna, 10% árið 2018 og 8% árið 2019, sem er nálægt sögulegu meðaltali. Ef spáin gengur eftir munu 2,5 milljónir erlendra ferðamanna sækja landið heim árið 2019.

Áhrif ferðapjónustu á hagvaxtarþróun hafa tvöfaldast á síðustu árum


Útlit er fyrir að útflutningsverðmæti ferðapjónustu muni nema um 477 ma.kr. á þessu ári. Á næsta ári er reiknað með að gjaldeyrstekjur þjóðarþúsins af ferðapjónustu aukist um 87 ma.kr. og verði 564 ma.kr. Gangi spáin eftir verður útflutningsverðmæti ferðapjónustu á næsta ári í fyrsta sinn meira en samanlagt útflutningsverðmæti sjávarafurða og stóriðju. Árin 2018 og 2019 er gert ráð fyrir meiri vexti í ferðapjónustu en í stóriðju og sjávarútvegi og mun hlutfallslegt vægi ferðapjónustu því halda

Hagvöxtur og framlag ferðapjónustu




Hagvöxtur án vaxtar í útflutningi ferðapjónustu að öðru óbreyttu
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Fjöldi erlendra ferðamanna



Heimild: Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans

Hlutdeild stoðanna í heildarútflutningi



Á föstu gengi og föstu verðlagi.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




áfram að vaxa. Ferðaþjónustan mun einnig vaxa meira en hagkerfið í heild sinni og þannig hafa meiri áhrif á hagvaxtarþróun í framtíðinni.

Núverandi uppsveifla í ferðaþjónustu hefur gjörbreytt áhrifum greinarinnar á hagvaxtarþróun hér á landi. Árið 2009 nam útflutningsverðmæti ferðaþjónustu 156 ma.kr., sem var u.þ.b. 10% af landsframleiðslu. Raunvöxtur upp á 10% í ferðaþjónustu á því tímabili hefði því átt að auka hagvöxt um 1 prósentu að öðru óbreyttu. Á þessu ári gerum við ráð fyrir að útflutningstekjurnar nemi 477 ma.kr., eða u.þ.b. 20% af landsframleiðslu, sem er áætluð 2.348 ma.kr. Raunvöxtur upp á 10% miðað við þær tölur ætti að auka hagvöxt um 2 prósentur, eða tvöfalt meira en árið 2009.


Wow og Icelandair með umfangsmiklar flugvéla fjárfestingar

Fjárfesting í ferðaþjónustu hefur aukist nokkuð á síðustu árum og hefur aukningin verið mest áberandi í flugvélum, flugvöllum og uppbyggingu gistirýmis, sérstaklega hótela. Á síðasta ári nam fjárfesting í flugvöllum, flugsamgöngum og hótél- og veitingahúsarekstri 35,7 ma.kr. Þar af var fjárfesting í hótél- og veitingahúsarekstri 12,5 ma.kr. en stærsti liðurinn voru flugsamgöngur, eða 15,9 ma.kr. Á síðasta ári keypti flugfélagið Wow tvær Airbus A321-211 flugvélar og skýra þau kaup nær alla fjárfestingu í flugsamgöngum á því ári. Á þessu ári hefur Wow fjárfest í þremur flugvélum til viðbótar af sömu tegund og má ætla að fjárfestingin í þeim nemi í kringum 19 ma.kr. Á næstu árum hyggur Icelandair á veruleg flugvéla kaup og gerir ráð fyrir að fjárfesta í níu Boeing 737 MAX á árunum 2018 og 2019. Við áætlum að þessi fjárfesting gæti numið um 19 ma.kr. árið 2018 og 38 ma.kr. 2019, sem gera samtals 57 ma.kr.

Við gerum einnig ráð fyrir að fjárfesting í hótélum og framkvæmdum í kringum Flugstöð Leifs Eiríkssonar verði áberandi á næstu árum. Mikil fjárfesting á sér stað í hótélbyggingum um þessar mundir. Framkvæmdir eru t.d. þegar hafnar á Hörpureitnum en þar verður líkast til um að ræða dýrasta hótél sem reist hefur verið hér á landi. Gert er ráð fyrir að byggingarkostnaður án lóðafjárfestingar verði 12,8 ma.kr.



Landsframleiðsla og útflutningur ferðaþjónustu. 2009-2015 á verðlagi hvers árs. 2016-2019 er spá Landsbankans á föstu verðlagi
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Á föstu verðlagi ársins 2015
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.